

Verst lagða rafskútan

Erlendur S. Þorsteinsson
Háulind 24
201 KÓPAVOGUR

Kópavogi, 28. apríl 2024

Umsögn um

Umferðarlög (smáfarartæki o.fl.)
923. mál, lagafrumvarp
Þingskjal 1368, stjórnarfrumvarp
154. löggjafarþing 2023–2024

til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Undirritaður fagnar þessu frumvarpi almennt, þar sem aðskilin eru reiðhjól annars vegar og „rafskútur“ hins vegar með því að búa til nýjan flokk smáfarartækja. Þetta er breyting til hins betra.

Undirritaður er ekki með athugasemdir við þann texta sem er í frumvarpinu, en **vill koma á framfæri einni viðbót um smáfarartæki sem bráðvantar:**

Við 28. gr. laganna („stöðvun ökutækis og lagning þess“) þarf samhliða þessum breytingum að taka skýrt fram að smáfarartækjum megi alls ekki leggja á hjólastíg. Það mætti t.d. gera með því að bæta texta við núverandi 3. mgr. sem myndi þá hljóða þannig

*Eigi má stöðva skráningarskylt ökutæki eða leggja því á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja, svo sem gangstétt, göngustíg, göngugötu, hjólarein eða hjólastíg nema annað sé ákveðið, sbr. 1. mgr. 84. gr. Sama á við um umferðareyjar, grassvæði og aðra svipaða staði. **Eigi má leggja smáfarartæki á hjólastíg eða hjólarein eða á öðrum svipuðum stöðum.***

eða með því að setja slíkan texta

Eigi má leggja smáfarartæki á hjólastíg eða hjólarein eða á öðrum svipuðum stöðum.

Í nýja 4. mgr. laganna (núverandi 4. og 5. mgr. yrðu þá 5. og 6. mgr.). Undirritaður myndi fagna því ef enn víðtækara stöðubann en þetta yrði sett; t.d. sem næði yfir svokallaðar stofnhjólaleiðir og blandaða stíga.

Röksemdarfærsla

Það er mikið vandamál að rafskútur eru skildar eftir á hjólastígum



svo hættu stafar af – sérstaklega í rigningu eða myrkri eða hvenær sem aðstæður eru ekki fullkomnar:



Hönnunarleiðbeiningar

(Textinn á þessari blaðsíðu er tyrfinn en á næstu blaðsíðu er þetta skoðað myndrænt.)

Ólíkt götum þá eru hjólastígar ekki hannaðir til þess að neitt sé skilið eftir á þeim. Götur eru nógu breiðar til þess hægt er leggja öðrum eða báðum megin þeirra en hjólastígar eru almennt ekki nema um 2,5 metrar á breidd að lágmarki og er síðan deilt í reinar í sitthvora átt sem eru þá 1,25 metrar að breidd. Í nýrri framkvæmdum er gjarnan farið umfram þetta lágmark hönnunarleiðbeininga og nýir hjólastígar eru oftast 3 metrar og þá hvor rein 1,5 metrar að breidd.

Til samanburðar við þessa lágmarksbreidd reinar á hjólastíg, 1,25 metrar, að þá er lágmarksrýmispörf venjulegs hjólreiðamanns 1,15 metrar en 1,30 metrar ef viðkomandi er með barnavagn í eftirdragi eða á nytja- eða vöruhjóli. Æskileg rýmispörf er meiri, 1,75 og 1,90 metrar, en eins og sagði hér að ofan að þá er 1,5 látið duga jafnvel í nýjum framkvæmdum.

Þessar upplýsingar má finna í köflum 4 og 5 í hönnunarleiðbeiningum:

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar

19.12.2019

https://www.ssh.is/static/files/storybook/SSK/Leiðbeiningar/honnunarleidbeiningar_f_hjolreidar_2019-12-19.pdf

Dæmigerð leigurafskúta er 0,62 metrar á breidd. Þó svo að það hljómi e.t.v. ekki mikið að þá eru 0,62 metrar 49,6% af lágmarksbreidd reinar á tvístefnu hjólastíg þannig að rafskúta tekur hlutfallslega mjög mikið pláss og er töluverð hindrun, ef henni er vel stillt upp og ef hún er upprétt.

En að rafskútum sé vel stillt upp og að þær séu uppréttar er undantekningin. **Reglan er sú að rafskútum er illa stillt upp.** Það gerist ítrekað á hverjum degi að rafskútum er illa stillt upp á víð og dreif eða að þær bara einfaldlega liggja þvert á hjólastígum.

Hjólastígar eru því ekki hannaðir til þess að rafskútum sé lagt á þá.

„Af hverju sveigir þú ekki bara framhjá þeim?“

Dæmigerð rafskúta er 62 cm á breidd, 124 cm á hæð og vegur einhverja tugi kílógramma. Því er í raun **enginn munur á rafskútu annars vegar eða stóru grjóti eða trjából hins vegar.**

Skoðum þetta myndrænt: Mynd af rafskútu á stíg getur verið villandi því stýrisgaffallinn er mjór og það „sést í gegnum“ rafskútuna og hún virkar því ekki fyrirferðarmikil. En til að fara framhjá rafskútunni þarf maður að forðast stýrið á henni og því í raun forðast allan rammann sem rafskútan myndar og með einhverju öryggisbili. Það er því alveg eins og að trjábólur hafi verið skilinn eftir á stígnum:



Myndin hér að ofan var tekin á hjólaleiðinni Bæjarleið í Reykjavík, um hábjartan dag í góðu skyggni með sólina í bakið. Þetta eru því bestu aðstæður, en um leið og það rignir, snjóar, er myrkur eða rafskútan er á hliðinni í snjó&myrkri (sjá neðstu myndina á bls. 2) að þá eru aðstæður hættulegri.

Hjólreiðamaður sem rekst á rafskútu mun falla með tilheyrandi slysaþættu, sem hefur raungerst. Einnig hafa fatlaðir og blindir slasast við það að detta um rafskútur sem hafa verið fyrir þeim. Það myndi aldrei líðast að stór grjót eða trjádruðar væru á götum en af einhverjum ástæðum gerist það ítrekað daglega að rafskútur eru eins og rusl á víðavangi mitt á hjólastígum.

Að öllu ofangreindu virtu þá eiga rafskútur ekkert erindi að vera lagt á hjólastíga. En leigurnar og viðskiptavinir þeirra virðast ekki sjá hlutina sömu augum og sveitarfélögin eru máttlaus í baráttu sinni við að ná utan um þetta vandamál; og án vopna að því virðist. Því leggur undirritaður til að allur vafi verði tekinn af og það skýrt sett fram af Alþingi að:

Eigi má leggja smáfarartæki á hjólastíg eða hjólarein eða á öðrum svipuðum stöðum.

Bakgrunnur

Undirritaður stofnaði Facebook-hópin [Verst lagða rafskútan](#) árið 2021 þegar honum ofbauð ástandið á hjólastígum og -leiðum höfuðborgarsvæðisins. Þar hafa þúsundir tilfella verið skráð og fer sífellt fjölgandi því ekkert lát er á. Einnig hafa ábendingar og kvartanir stöðugt verið sendar til viðkomandi sveitarfélaga á undanförunum árum.

Undirritaður er boðinn og búinn að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða þetta mál frekar ef áhugi er á en getur líka rafrænt útvegað ítarefni um þetta vandamál (sem má þó að megni til finna á <https://www.facebook.com/groups/verstlagdarafskutan/media>).



Auk þess að hafa stofnað *Verst lögðu rafskútuna* að þá er undirritaður stjórnarmaður í Landssamtökum hjólréiðamanna (LHM), en umsögn þessi er ekki á vegum LHM. Þó vill undirritaður geta þess að LHM sendi nýlega öllum stærri sveitarfélögum landsins athugasemdir um þetta vandamál að leigurafskútur eru skildar eftir út um allt og hefur mótmælt því við sveitarfélögin að afnotaleyfi og þjónustusamningar séu framlengdir að óbreyttu. Staðreyndin er samt sú að rafskútuleigurnar eru með starfsemi og nýta sér hjólastíga sveitarfélaganna þrátt fyrir að margir þeirra samninga séu útrunnir og hafi ekki verið endurnýjaðir. Þegar ofangreind erindi voru send var staða samninga könnuð og einungis voru í gildi samningar milli leiganna annars vegar og Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar hins vegar. Aðrir samningar voru útrunnir eða ekki til staðar yfirhöfuð.

Með vinsemd og virðingu,

Erlendur.